

Kaup Alfa hf., SF VII ehf. og Eldeyjar HoldCo ehf. á Kynnisferðum ehf., Eldey THL hf. og dótturfélögum þeirra

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi dags. 22. desember 2020, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Alfa hf. (hér eftir Alfa), SF VII ehf. (hér eftir SF VII) og Eldeyjar HoldCo ehf. (hér eftir Eldey HoldCo) á Kynnisferðum ehf. (hér eftir Kynnisferðir), Eldey THL hf. (hér eftir Eldey) og dótturfélögum þeirra. Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.
2. Með bréfi, dags. 14. janúar 2021, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir lengri tilkynningu vegna samrunans, sbr. 2. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga þar sem ekki lægi ljóst fyrir hvort markaðshlutdeild sameinaðs félags væri minni en 20% á skilgreindum mörkuðum málsins.
3. Með bréfi dags. 16. febrúar 2021 barst Samkeppniseftirlitinu lengri tilkynning vegna samrunans. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og viðauka I við reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari gögnum þann 17. febrúar 2021 og bárust þau samdægurs.
4. Þann 3. mars 2021 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin teldist fullnægjandi. Í ljósi þess byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga sbr. 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, að liða 18. febrúar 2021. Þann 11. mars 2021 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til samrunaaðila þar sem óskað var eftir upplýsingum um annars vegar hvort að eignarhlutföll hafi breyst síðan að samrunatilkynningin barst eftirlitinu og hins vegar útskýringar af hverju eitt af fyrirtækjum Eldeyjar hefði flutt heimilisfang sitt í húsnæði Kynnisferða. Útskýringar vegna framangreinds bárust eftirlitinu 16. mars 2021.
5. Með bréfi, dags. 23. mars 2021, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Taldi eftirlitið mikilvægt að rannsaka nánar möguleg skaðleg áhrif samrunans á samkeppni. Í því sambandi horfði Samkeppniseftirlitið m.a. til sjónarmiða sem borist höfðu frá hagsmunaaðilum á fyrsta fasa rannsóknarinnar.
6. Samkeppniseftirlitið veitti hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögn vegna samrunans og áhrifa hans á samkeppni. Efnislegar umsagnir bárust frá nokkrum hagsmunaaðilum. Verður hér eftir vísað til þeirra umsagna eftir því sem við á. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið



til upplýsinga í samrunaskrá, umsagna hagsmunaaðila, afhentra gagna frá samrunaaðilum og fyrri rannsókna eftirlitsins á viðkomandi mörkuðum.

II. Samruninn

7. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Alfa, SF VII og Eldeyjar HoldCo á Kynnisferðum, Eldey THL og dótturfélögum þeirra felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

8. Í samrunaskrá segir að BBL 144 ehf. (hér eftir BBL) er eignarhaldsfélag sem sérstaklega var stofnað í tengslum við viðskiptin til þess að kaupa allt hlutafé í Kynnisferðum og Eldey auk þess að kaupa minniháttar hlut beint í Arcanum fjallaleiðsögumönnum ehf. (hér eftir Arcanum) og Logakór ehf. (hér eftir Logakór). Tilgangur félagsins í dag er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár, eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hver kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánstarfsemi og skyldur rekstur. Fyrir lúkningu viðskiptanna verður tilgangi félagsins breytt þannig að hann vísi til eignarhalds og reksturs félaga í ferðaþjónustu.
9. Eldey sinnir fjárfestingum í afþreyingargeira ferðaþjónustunnar. Dótturfélög Eldeyjar eru Arcanum, Logakór og Sportköfunarskóli Íslands ehf. (hér eftir Dive) stunda ferðatengda þjónustu og starfa á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn hérlendis. Eldey á einnig hlut í Norðursiglingu hf. en sá eignarhlutur verður færður til Eldeyjar HoldCo fyrir uppgjör viðskiptanna. Þá á félagið 20% hlut í Íslenskum heilsulindum ehf.
- a) Arcanum er einkahlutafélag sem varð til við sameiningu fjögurra fyrirtækja á sviði fjalla- og jöklaferða árið 2018. Tilgangur félagsins er rekstur ferðaþjónustu, fjalla- og jöklaferðir, sala á gistingu ásamt fæðissölu, kaup og sala fasteigna, framleiðsla matvæla og almennur búrekstur. Arcanum gerir út ýmsa afþreyingu fyrir ferðamenn, t.d. jöklagöngur frá Skaftafelli, hálendisgönguferðir, ísklifur og vélsleðaferðir á Vatna-, Sólheima- og Mýrdalsjökli. Félagið á og rekur gistiaðstöðu í Kulusuk í Grænlandi og gerir þaðan út lengri gönguferðir auk sérstakra leiðangra.
- b) Logakór er einkahlutafélag sem var stofnað árið 2018 og hefur það að meginmarkmiði að standa að uppbyggingu á Sólheimasvæðinu. Félagið er eigandi landsins að Ytri Sólheimum 1a. Því landi fylgir 51% hlutur í óskiptu sameignarlandi sem nær frá jaðri Sólheimajökuls niður að sjó en þar má finna hið víðfræga flak Douglas DC-3 flugvélarinnar á Sólheimasandi.
- c) Dive er einkahlutafélag sem hóf starfsemi sína árið 2007. Tilgangur félagsins er kennsla í köfun og sportköfun, fræðsla tengd íþróttinni, sala á þjónusta tengdri köfun og annarri útivist, ásamt öðrum tengdum rekstri. Dive býður upp á yfirborðs- og djúpköfunarferðir, auk blautbúnings- og köfunarnámskeiða í Silfru á Þingvöllum. Einnig er boðið upp á köfunarferðir í Kleifarvatni auk sérferða á aðra köfunarstaði á Íslandi.
- Dive á 50% hlut í Basecamp Iceland ehf. Aurora Basecamp býður upp á einstaka norðurljósaupplifun í sérhönnuðu húsnæði sem samanstendur af þremur stálgrindar



kúlum (líkt og notaðar eru í grunnbúðum Everest sem dæmi) og er staðsett á horni Krísuvíkurvegar og Bláfjallaafleggjara.

- Í nóvember 2019 ákvað stjórn Dive að kaupa allar eignir og rekstur félagsins Expeditions ehf. Eftir kaupin er Dive með víðtækari starfsemi og vöruframboð á eigin vegum, en félagið sá um sölu á vörum Dive Expeditions fyrir kaupin.

10. Kynniferðir er eignarhaldsfélag og er tilgangur félagsins rekstur eignarhaldsfélaga, kaup og sala verðbréfa, kaup, sala og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Kynniferðir er eignarhaldsfélag utan um hluti í Ferðaskrifstofu Kynniferða, Hópbifreiðum Kynniferða ehf., Bílaleigu Kynniferða ehf., Almenningsvagna Kynniferða ehf., Garðakletts ehf., Klettagarða 12 ehf. og Umferðarmiðstöðvarinnar ehf.

- a) Ferðaskrifstofa Kynniferða starfar undir rekstrarnafninu Reykjavík Excursions, og býður upp á víðtækt framboð af skipulögðum dagsferðum og ferðum fyrir sérhópa, ásamt rútuferðum milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur (e. Flybus).
- b) Bílaleiga Kynniferða ehf. býður, eins og nafnið gefur til kynna, upp á skammtíma og langtímaleigu bifreiða til ferðamanna og annarra undir merkjum Enterprise Rent-A-Car.
- c) Hópbifreiðar Kynniferða ehf. er eigandi rútuflota samstæðunnar og sinnir rekstri þeirra.
- d) Klettagarðar 12 ehf. er fasteignafélag utan um fasteignir samstæðunnar í Reykjavík og Keflavík. Almenningsvagnar Kynniferða ehf. er félag utan um strætisvagna félagsins sem sinnir akstri fyrir Strætó á höfuðborgarsvæðinu.
- e) Garðaklettur ehf. er eigandi dráttarbíla sem sinnir eingöngu gámaflutningum fyrir Eimskipafélag Íslands hf.
- f) Enginn rekstur er í Umferðarmiðstöðinni ehf.

11. Samkvæmt samrunaskrá mun BBL við undirritun kaupsamnings vera í eigu Alfa. SF VII og Eldeyjar HoldCo, sem samanlagt eiga allt hlutfé í BBL. Í samrunaskrá kemur fram að Alfa sé eignarhaldsfélag og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald á verðbréfum og fasteignum, heildsala og smásala, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Fyrir samrunann á Alfa 65% hlutfjár í Kynniferðum, auk annarra félaga.

12. Í samrunaskrá kemur einnig fram að SF VII sé eignarhaldsfélag yfirráðum framtaksfjárfestingarsjóðsins SÍA II slhf. Tilgangur félagsins er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

13. Eldey Holdco er nýstofnað eignarhaldsfélag utan um hluti í Eldey. Yfirfærsla hluta í Eldey til Eldeyjar HoldCo er í ferli. Tilgangur Eldeyjar HoldCo er fyrst og fremst að halda á hlutum í BBL í kjölfar viðskiptanna en auk þess mun Eldey HoldCo halda á hlutum í Norðursiglingu hf. og tilteknum skuldabréfum og öðrum kröfuréttindum á hendur núverandi dótturfélögum Eldeyjar.

2. Markaðir málsins

14. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Hér verður fjallað um markaði málsins og áætlaða hlutdeild. Samhliða verður lagt mat á áhrif samrunans.



2.1. Almennt um markaðsskilgreiningu í samkeppnisrétti

15. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngubjónustu. Hagfræðileg rök hníga að því að greina verði viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar þurfi að bera kennsl á vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar afmarka landfræðilega markaðinn. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni sjálfri og hvar hún er seld.
16. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu að mati neytenda.
17. Einnig getur verið viðeigandi að taka framboðsstaðgöngu með í reikninginn þegar markaðir máls eru skilgreindir. Á þetta við þegar framboðsstaðgöngu hefur sambærileg áhrif og eftirspurnarstaðgöngu m.t.t. skilvirkni (e. *effectiveness*) og tafarleysi (e. *immediacy*). Þetta felur í sér að seljendur geti fært framleiðslu sína að viðkomandi vörum og markaðssett þær innan skamms tíma, án þess að verða fyrir verulegum viðbótarkostnaði eða áhættu, til að bregðast við litlum og varanlegum breytingum á hlutfallsverðum.
18. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

2.2. Vöru- og þjónustumarkaður

19. BBL, ALFA, SF VII og Eldey eru fyrst og fremst eignarhaldsfélög, sem sinna m.a. fjárfestingarstarfsemi í afþreyingartengdri ferðabjónustu.
20. Kynniferðir er eignarhaldsélag um hluti í Ferðaskrifstofu Kynniferða, Hópbifreiðum Kynniferða ehf., Bílaleigu Kynniferða ehf., Almenningsvögnum Kynniferða ehf., Garðakletti ehf., Klettagörðum 12 ehf. og Umferðarmiðstöðinni ehf. eins og áður var vikið að. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telja starfsemi Ferðaskrifstofu Kynniferða fara fram á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða héraðs, sem og markaði fyrir fólksflutninga með hópbifreiðum.
21. Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að Arcanum selur ferðir sínar bæði á eigin sölusíðu og með milligöngu sölutorga, líkt og Guide to Iceland og Viator. Samrunaaðilar telja að félagið starfi á heildsölu- og smásölumarkaði fyrir skipulagðar ferðir.
22. Í samrunaskrá segir einnig að Logakór sé fasteignafélag sem selur enga þjónustu til ferðamanna. Þar sem að félagið hyggist ekki þjónusta ferðamenn verður ekki gerð nánari grein fyrir starfsemi þess.

2.2.1. Heildarmarkaður fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða

23. Að mati samrunaaðila mun starfsemi þeirra einkum koma til með að skarast á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn héraðs. Þann markað hefur



Samkeppniseftirlitið oft notast við í samrunamálum, sjá einkum ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2017 *Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.*, ákvörðun nr. 12/2019 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í félögum í ferðapjónustu* og ákvörðun nr. 5/2020 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Raufarhól ehf.*

24. Samrunaaðilar telja ekki þörf á að greina markað fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum í frekari undirmarkaði, enda telja þeir líklegt að staðganga sé á milli ólíkra ferða sem skipulagðar eru héraðs af samrunaaðilum og öðrum, svo sem fjalla- og jöklaferða, yfirborðs- og djúpköfunarferða, og flúðasiglinga. Í því samhengi vísa aðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðapjónustu*. Í því máli var niðurstaða eftirlitsins sú að samrunaaðilar starfi á mörgum sviðum ferðapjónustu á Íslandi þar sem markaðurinn sé sala og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi. Í ákvörðuninni benti Samkeppniseftirlitið á að mögulega mætti skipta mörkuðum niður í undirmarkaði eftir því hvers eðlis ferðin væri en ekki var talin ástæða til að skilgreina markaðinn frekar en dagsferðir og styttri ferðir fyrir ferðamenn á Íslandi. Jafnframt var tekið fram að samrunaaðilar voru færir um að veita víðtæka þjónustu og aðlaga sig neytendum hverju sinni, sem þótti benda til þess að skilgreina bæri markaðinn heldur víðari en þrengri.
25. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um annað en að sú skilgreining sem lögð var til grundvallar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019 eigi enn við. Að mati eftirlitsins er í ljósi niðurstöðu málsins ekki tilefni til þess að taka afstöðu til þess hvort tiltekna tegundir ferða geti tilheyrt sérstökum markaði.
26. Varðandi landfræðilega markaðinn þá kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar telja heild- og smásölumarkað skipulagðra ferða taka til landsins alls. Samrunaaðilar sinni sölu skipulagðra ferða víðsvegar um landið og unnt er að bæta við og breyta framboði þeirra ferða sem seldar eru eftir eftirspurn hverju sinni. Í samrunaskrá er jafnframt vakin athygli á því samkeppnislega aðhaldi sem stafar frá erlendum aðilum sem starfa sem sölutorg erlendis og markaðssetja ferðir héraðs. Í því samhengi má nefna erlendar bókunarsíður, svokallaða on-line travel agents, eins og t.d. Booking.com, Expedia, TripAdvisor, getyourguide og Viator.
27. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru vísbendingar um að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland en í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til afmörkun landfræðilegs markaðar málsins. Jafnframt telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til þess hversu mikið samkeppnislegt aðhald stafar frá erlendum sölutorgum.

2.2.2. Heildarmarkaður fyrir fólksflutninga með hópbifreiðum

28. Í samrunaskrá kemur fram að heildarmarkaður fyrir fólksflutninga með hópbifreiðum sé skyldur þeim markaði þar sem áhrifa gætir. Samrunaaðilar telja að tengsl markaðar fyrir fólksflutninga með hópbifreiðum og markaðar fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða séu ekki nægilega mikil til að samruninn gefi tilefni til að ætla að starfsemi aðila á hvorum markaði fyrir sig styrkist vegna samrunans.
29. Samrunaaðilar segja flesta ferðamenn sem koma hingað til lands hafa þegar skipulagt ferðalag sitt í gegnum netið þegar þeir lenda í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og því hefur markaðssetning í áætluunarferðum frá flugstöðinni mjög takmörkuð áhrif á val ferðamanna á ferðum. Þá starfa á báðum mörkuðum sterkir aðilar sem veita samrunaaðilum mikið samkeppnislegt aðhald.



30. Að mati Samkeppniseftirlitsins er vöru og þjónustumarkaðurinn heildarmarkaður fyrir fólksflutninga með hópbifreiðum, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007, *Samruni Reynimels ehf.*, og *Kynniferða ehf.* og nr. 44/2019, *Kaup Reykjavík Sightseeing Invest ehf. á Allrahanda GL ehf.* Jafnframt telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé ástæða í þessu máli til að skipta mörkuðum eftir einstökum akstursleiðum, s.s. leiðum sem úthlutað er samkvæmt sérleyfum eða öðrum áætlunarleiðum. Þá er ekki þörf á að skipta mörkuðum eftir tilteknum landssvæðum. Ljóst er að fólksflutningafyrirtæki í eigu samrunaaðila sinna fólksflutningum á mörgum leiðum víðsvegar um landið.

III. Niðurstaða

31. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.
32. Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til hinnar takmörkuðu markaðshlutdeildar sem samrunaaðilar njóti, telja þeir að áhrif samrunans hafi afar takmörkuð ef nokkur áhrif á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir. Til viðbótar telja samrunaaðilar að það er ekkert sem bendir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins, eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Samrunaaðilar telja að áhrif samrunans munu koma fram í auknu framboði og lægri verðum.
33. Samrunaaðilar taka fram að langstærstur hluti af veltu Ferðaskrifstofu Kynniferða á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða má rekja til akstursþjónustu, þ.e. aksturs að helstu náttúruperlum landsins annars vegar, og aksturs til hinna fjölmörgu fyrirtækja sem sinna sérhæfðum ferðum hins vegar. Við veitingu slíkrar þjónustu nýtir félagið rútukost sinn og menntaða leiðsögumenn. Veltu Arcanum, Dive og Norðursiglingar má aftur á móti rekja til ólíkra tegunda af skipulögðum ferðum sem þarfnast sérfræðipækkingar og mismunandi tækja og tóla, s.s. vélsleða, ísöxi, köfunarbúnaðar, hvalaskoðunarskips og svo mætti áfram telja. Þannig er ljóst að þótt staðganga sé á milli þeirrar þjónustu sem samrunaaðilar veita ferðamönnum þá gerir enginn þeirra nákvæmlega það sama. Samruninn mun því fyrst og fremst nýtast til samlegðaráhrifa, þ.e. betur rekinna fyrirtækja sem geta boðið samkeppnishæft verð.
34. Samrunaaðilar telja því ljóst að skörun í starfsemi samstæðu Kynniferða og Eldeyjar-félaganna sé ekki til þess fallin að raska samkeppni. Í samrunanum felst breyting á eignarhaldi nokkurra ferðabjónustufyrirtækja en þau munu ekki renna saman í eina lögpersónu heldur stendur til að reka þau óbreytt áfram sem dótturfélög BBL. Markaðshlutdeild samrunaaðila mun ekki taka neinum áþreifanlegum breytingum vegna samrunans, og samruninn mun hvorki veikja stöðu annarra markaðsaðila né hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni. Samrunaaðilar telja að hann muni fyrst og fremst leiða af sér hagkvæmni [].¹
35. Við meðferð málsins bárust eftirlitinu verulegar athugasemdir við samrunann, sem fyrst og fremst lutu að styrkingu á stöðu Kynniferða sem leitt gæti til þess að félagið í krafti stærðar sinnar gæti beitt önnur minni fyrirtæki óeðlilegum verðþrýstingi. Þá njóti Kynniferðir sterkrar

¹ Trúnaðarmál.



stöðu í akstri til og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Átti Samkeppniseftirlitið fundi með hagsmunaaðilum þar sem þeir lýstu yfir áhyggjum af samrunanum.

36. Með vísan til framangreindar umfjöllunar er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samrunaaðilar starfa á sama markaði, þ.e. á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu áætla samrunaaðilar að sameiginleg hlutdeild þeirra á markaðnum sé varlega áætlað á bilinu 5-10%. Samruninn felur þó í sér óverulega skörun á milli samrunaaðila á þeim markaði þar sem samrunaaðilar starfa að meginstefnu á ólíkum sviðum og hafa ólíkar áherslur í starfsemi sinni. Kynnisferðir sinna þannig einkum fólksflutningum og því sem kalla mætti almennar ferðir. Arcanum sérhæfir sig í jöklaferðum og Dive sérhæfir sig í köfun.
37. Þá er það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins, að undangenginni athugun, að möguleg samsteypuáhrif samrunans séu takmörkuð, s.s. með sölu ferða í hópferðabifreiðum Kynnisferða. Þannig styðja upplýsingar í málinu ekki við það sjónarmið að veruleg hætta sé að söluleiðir og verðlagning innan samstæðunnar raski samkeppni. Í því sambandi er m.a. horft til markaðshlutdeildar samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum, sem og þess að viðskiptavinum standa fjölbreyttar söluleiðir til boða, einkum í gegnum vefinn.
38. Það er mat Samkeppniseftirlitsins, að undangenginni athugun, að ekki séu forsendur til þess að ætla að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Alfa hf., SF VII ehf. og Eldeyjar HoldCo ehf. á Kynnisferðum ehf., Eldey THL hf. og dótturfélögum þeirra fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson